

stefnda til að greiða 5% ársvexti af upphæðinni frá 10. nóv. 1936 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum samkvæmt þessari niðurstöðu kr. 249.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vilhjálmur Þór f. h. Kaupfélags Eyfirðinga Akureyri, greiði stefnandanum, Birni Halldórssyni f. h. Fiskiveiðafélagsins Höfrungur, 2108.54 aur., ásamt 5% ársvöxtum frá 10. nóvember 1936 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 249.00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. júní 1938.

Nr. 84/1937. Réttvísín og valdstjórnin

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Jóni Erlendssyni (Lárus Jóhannesson)

og Erlendi Jónssyni Erlendssyni

(Jón Ásbjörnsson).

Frelsissskerðing. Áfengis og bifreiðalagabrot. Kæra um sýkingu af kynferðissjúkdómi. Rangur framburður fyrir dómi.

Dómur hæstaréttar.

Eftir að máli þessu var áfrýjað til hæstaréttar hefir Ásthildur Halla Guðmundsdóttir látizt þann 8. febrúar þ. á.

Að því er varðar ákæruatriðin á hendur ákærða *Jóni Erlendssyni*, þá má fallast á ástæður þær, er í héraðsdóminum greinir, fyrir því, að hann er sýkn-

aður af ákæru réttvísinnar fyrir brot á ákvæðum 16. og 18. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og laga nr. 6/1924, um breyting á 182. gr. nefndra hegningarlaga, og ber að staðfesta héraðsdóminn að því leyti. Um ákærana á hendur honum fyrir brot á ákvæðum 20. kap. hegningarlaganna athugast það, að ekki virðist unnt að telja það upplýst, að Halldóra Bjarnadóttir hafi gert verulegar tilraunir til þess að komast burt af heimili hans, eins og greint er í forsendum héraðsdómsins, en að öðru leyti þykir mega fallast á ástæður þær, sem þar eru færðar fyrir því, að aðbúð Halldóru á heimili ákærða og atlæti það, er hún varð fyrir af hendi hans, hafi verið þannig lagað, að það hafi lamað algerlega viljaþrek hennar til þess að taka ákvörðun um vistarstað sinn. Þetta misferli ákærða er af héraðsdómaranum réttilega heimfært undir 2. málslíð sbr. 1. málslíð 213. gr. fyrrnefndra hegningarlaga, og þykir refsing hans fyrir það hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Þá er það og sannað, að ákærði Jón Erlendsson, hefir gerzt sekur um ólöglega bruggun og sölu áfengis. Eru þau brot réttilega talin varða við 6. sbr. 30. og 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Ennfremur hefir ákærði Jón kannazt við það að hafa ekið bifreið ölvaður þann 28. september 1936. Kveðst hann hafa drukkið við þriðja mann úr rúmlega tveimur flöskum af brennivíni á allt að hálfum öðrum klukkutíma áður en hann ók bifreiðinni, og hafi hann þá verið orðinn talsvert drukkinn. Varðar þetta brot við 4. mgr. 5. gr. sbr. 14. gr. bifreiðarlaga nr. 70/1931 og 21. sbr. 39. gr. fyrrnefndra áfengislaga. Þykir refsing ákærða fyrir framangreind brot á áfengislögunum og bifreiðalögunum hæfilega á-

kveðin 800 króna sekt til menningarsjóðs eða, til vara, 40 daga einfalt fangelsi. Svo ber og að svipta hann rétti til þess að aka bifreið um 6 mánaða tíma, en þar sem ekki er nægilega upplýst, hvort eða um hve langan tíma hann kann að hafa verið sviptur ökuskrifteini sínu meðan á rannsókn málsins stóð, þá er ekki unnt að ákveða, frá hvaða tíma sviptingin komi til framkvæmda.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða *Erlends Jónssonar Erlendssonar* ber að staðfesta með skírskotun til forsendna dómsins.

Ákærða Jóni Erlendssyni ber sjálfum að greiða varðhaldskostnað sinn og laun skipaðs talsmanns síns í héraði, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 200.00, svo og laun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 500.00.

Ákærða Erlendi Jónssyni Erlendssyni ber sjálfum að greiða laun skipaðs talsmanns síns í héraði, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 125.00, svo og laun til sama sem skipaðs verjanda hans fyrir hæstarétti, kr. 250.00.

Allan annan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00, ber ákærðu, Jóni og Erlendi, að greiða in solidum.

Við rannsókn málsins er það að athuga, að vanrækt hefir verið að eiðfesta vitni þau, sem leidd hafa verið, enda þótt ástæða væri til, og að rannsóknin yfir ákærða Erlendi virðist hafa verið ófullkomin eftir að hann hafði tekið aftur fyrri framburð sinn, og ekki sést, að hann hafi þá þegar verið einangraður og honum haldið í gæzlu, meðan reynt var að rannsaka, hvor framburðurinn væri réttari.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Erlendsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði. Hann greiði og 800 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ennfremur skal hann sviptur leyfi til að stýra bifreið í 6 mánuði.

Ákærði Erlendur Jónsson Erlendsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Ákærði Jón Erlendsson greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í héraði, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 200.00, svo og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 500.00.

Ákærði Erlendur Jónsson Erlendsson greiði sjálfur laun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir hæstarétti, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, samtals kr. 375.00.

Allan annan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiði hinir ákærðu, Jón og Erlendur, in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Stefáns Jóhanns Stefánssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. apríl 1937.**1.**

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Jóni Erlendssyni smið, konu hans Ásthildi Höllu Guðmundsdóttur, sem eiga heimili á Eskifirði, en dvelja nú á Hverfisgötu 32 hér í bæ, og Erlendi Jónssyni Erlendssyni verkamanni, bróður Jóns, til heimilis á Hálogalandi hér í bæ.

Málið er höfðað gegn Jóni fyrir brot gegn 20. kap., 18. kap. og 16. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 1869, lögum nr. 6 1924, um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga, áfengislögum nr. 33 1935 og lögum nr. 70 1931, um notkun bifreiða.

Gegn Ásthildi er mál höfðað fyrir brot gegn 20. kap. og 18. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 70 1931, um notkun bifreiða.

Gegn Erlendi er málið höfðað fyrir brot gegn 14. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 70 1931, um notkun bifreiða.

Ákærð eru öll komin yfir lögaldur sakamanna. Jón er fæddur á Giljum í Hvolhreppi 16. apríl 1903. Ásthildur Halla er fædd hér í bæ 17. apríl 1911. Erlendur Jónsson Erlendsson er fæddur 5. okt. 1917 að Giljum í Hvolhreppi.

Jón Erlendsson hefir sætt eftirtöldum kærnum og refsingum hér í Reykjavík:

1927 $\frac{1}{4}$ Sætt 20 króna sekt fyrir að stýra bifhjóli án þess að hafa öðlalt ökuskirteini.

1935 $1\frac{1}{2}\%$ Kærður fyrir meint svik, málssókn látin falla niður.

1935 $\%$ Sætt 10 króna sekt fyrir að hafa of marga farþega á bifhjóli.

Erlendur Jónsson Erlendsson hefir sætt eftirtöldum kærnum og refsingum, öllum hér í bænum:

1935 $2\frac{7}{8}\%$ Dómur aukaréttar, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.

1935 $\frac{5}{10}\%$ Sætt 20 króna sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.

1936 $\frac{2}{2}\%$ Kærður fyrir hlutdeild í þjófnaði. Látið falla niður.

- 1936 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir samskonar brot, málinu lokið með því að honum var komið fyrir í sveit.
- 1936 $\frac{2}{10}$ Dómur aukaréttar, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
- 1936 $1\frac{1}{11}$ Kærður fyrir ölvun í gistihúsherbergi. Látið falla niður.
- 1937 $2\frac{1}{4}$ Sætt 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. Ásthildur Halla Guðmundsóttir hefir ekki sætt ákærum fyrir.

2.

Miðvikudagsmorguninn 16. sept. s. l. um kl. 9 kom á sýsluskrifstofuna á Eskifirði Jón Erlendsson og tilkynnti þar, að stúlkan Halldóra Bjarnadóttir, sem dvalið hafði á heimili hans, hefði horfið þá um nóttina.

Sýslumaður var fjarverandi, þegar tilkynningin barst, en kom heim litlu síðar og átti þá strax tal við Jón og konu hans Ásthildi. Lét hann þegar hefja leit að stúlkunni. Var þann dag og næstu tvo daga spurzt fyrir um stúlkuna í þorpinu og á næstu bæjum, leitað meðfram sjónum og inn á heiði, slætt með bryggjum og inn í fjarðarbotn, en án alls árangurs.

Jafnframt hóf sýslumaður rannsókn í málinu, og kom þá fram ýmislegur orðrómur, sem gengið hafði í þorpinu um meðferð stúlkunnar á heimili ákærðra. Leiddi rannsóknin til þess, að ákærður Jón var úrskurðaður í gæzluvarðhald hinn 3. okt., en látinn var hann laus aftur hinn 7. s. m. sakir heilsubrests, og að ráði héraðslæknis.

Jafnframt rannsókninni heima í héraði leitaði sýslumaður til lögreglustjórans í Reykjavík um yfirheyrslu vitna, er þar voru. Leiddu þær vitnaskýrslur í ljós allstórfelld afbrot af hálfu hinna ákærðu hjóna, ef sannar reyndust, einkum vitnisburður meðákærðs Erlendar J. Erlendssonar. Leiddi þetta til þess, að sýslumaður í samráði við dómsmálaráðuleytið ákvað að senda þau hjón til Reykjavíkur til samprófunar við vitni þar. Kvað sýslumaður upp úrskurð um það, að þau skyldu send, hinn 24. nóv. Til Reykjavíkur komu þau miðvikudaginn 3. desember og voru þegar í stað einangruð í gæzluvarðhaldi og sátu í varðhaldi samfleytt til fimmtudagsins 21. janúar, er sýnt þótti, að þeir vitnisburðir væru fram komnir í málinu, sem búast mátti við, að gætu leitt til verulegra upplýsinga.

3.

Þriðjudaginn 15. sept. var Halldóra heitin að þvo af sér fatnað og tína saman dót sitt. Höfðu þau hjón orðið ásátt um að láta hana fara frá sér og koma henni til Reykjavíkur. Ætluðu þau sér að koma henni á Skeljung, sem von var á til Eskifjarðar á næstunni. Segjast þau hafa sagt Halldóru heitinni þetta annaðhvort þennan dag eða daginn áður, og hafi henni þótt miður og talið sig lítið erindi eiga til Reykjavíkur.

Þau hjónin gengu til hvílu kl. rúmlega 11 um kvöldið. Áður læsti Jón útidyrum hússins, en Ásthildur gætti að því, að eldhúslugginn var kræktur aftur. Halldóra hafði þá enn ekki lokið við þvottinn, en hann þvoði hún í eldhúsinu. Kveðst Ásthildur hafa sagt Halldóru heitinni að flýta sér með þvottinn, svo hún gæti farið að sofa, og tók hún þá ekki eftir neinni sérstakri geðshræringu á henni.

Um nóttina var óveður.

Um 8 leytið um morguninn vöknudu þau hjónin og urðu þess þá brátt vör, að Halldóra var horfin. Voru útidyr læstar, eins og við þær hafði verið skilið kvöldið áður, en eldhúslugginn var kræktur upp, og ályktuðu þau hjón, að hún hefði farið út um hann. Var rúm hennar óbælt. Þvottinn hafði hún skilið við í bala undir vask frammi í skúr á föstum við húsið.

Ákærður Jón kveðst hafa saknað saltfisks, sem látinn hafði verið í bleyti og ætlaður var í eina máltið handa heimilisfólkin. Einnig kveða þau hjón, að vera megi, að horfið hafi eitthvað af brauði, án þess þó að þau geti fullrytt neitt um það. Annars söknuðu þau ekki.

Þegar þau hjón urðu þess vör, að Halldóra var horfin, og það út um glugga, að því er þau ætluðu, fór Jón þegar út og fyrst til tengdafaður sinn, Guðmundar nuddlæknis Péturssonar, til að leita Halldóru. Hefir Jón skýrt svo frá, að sér hafi orðið fyrst fyrir að fara þangað vegna þess, að heimili Guðmundar var hið eina á staðnum, sem Halldóra var kunnug á. Þar hafði hún þó ekki komið, og fór þá Jón þegar í stað, eftir ráðum Guðmundar, á sýsluskrifstofuna og tilkynnti hvarfið, eins og áður er sagt.

Um nóttina, á að gizka kl. 5—6, varð stúlkunni Sigfríði Sigurjónsdóttur, sem heima á í þorpinu, lítið út um glugga. Var þá nokkur stormur, en rigning, sem verið hafði

um nóttina, stytt upp. Sá hún þá, hvar Halldóra gekk inn götuna. Hafði hún orð á þessu við móður sína, Sigríði Jónsdóttur, um morguninn, áður en hvarfið fréttist.

Um morguninn um kl. 7½ gekk Auðbergur trésmiður Benediktsson áleiðis inn að Borgum. Sá hann þá inn við fjarðarbotninn kvenmann ganga á undan sér. Ekki gat hann þekkt hana né lýst klæðnaði hennar, enda var langt á milli, og hvarf hún honum brátt. En ekki hefir upplýst, að neinn annar kvenmaður væri þarna á ferð um þetta leyti.

Önnur merki sáust ekki til Halldóru heitinnar, unz lík hennar fannst.

Í þessu sambandi þykir rétt að geta þess, að Erlendur J. Erlendsson hefir sem vitni í málinu borið það og haldið staðfastlega við, að Halldóra hafi um sumarið haft á orði við sig að fyrirfara sér. Aðrar upplýsingar í þessa átt hafa engar komið fram, en siðar segir nánar af vitnisburði þessa vitnis.

4.

Miðvikudaginn 30. september, laust fyrir kl. 11, var sýslumanni tilkynnt, að nokkrir smádrengir hefði þótzt verða varir við lík á sjávarbotni fyrir framan ytri Framkaupstaðarbryggju. Var þar slætt eftir likinu, og kom þá fram, að það var af Halldóru Bjarnadóttur. Fyrirskipaði sýslumaður þegar líkskoðun og fékk til þess héraðslæknana Einar Ástráðsson og Guðmund Guðfinnsson. Fór líkskoðunin þegar fram um kvöldið.

Skýrsla héraðslæknanna um líkskoðunina, undirrituð af Einari Ástráðssyni, fer hér á eftir:

„Ár 1936, miðvikudaginn 30. sept. kl. 8.15 e. h., hófst líkskoðun og krufning á liki, er fannst sjórekið við Framkaupstaðarbryggjuna á Eskifirði kl. um 11 f. h. sama dag. Líkið þekktist að vera af Halldóru Bjarnadóttur, Grund Eskifirði, er hvarf aðfaranótt 16. sept. Líkskoðunin fer fram í „Gömlu-Búðinni“ Eskifirði og er framkvæmd að tilmælum sýslumanns Suður-Múlasýslu af héraðslækninum á Eskifirði, Einari Ástráðssyni, og héraðslækninum á Fáskrúðsfirði, Guðmundi Guðfinnssyni, sem er til þess kvaddur af sýslumanninum að ósk héraðslæknisins á staðnum.

Ytri skoðun: Hvítur klútur bundinn um höfuðið, brún kápa, slitin, blágráir, tígloftir sokkar, á hægri fæti er sokkurinn niður um miðjan legg, sokkabandið um öklann, vinstri

sokkur er uppi og sokkabandið ofan hné. Gráir strigaskór með nokkuð slitnum gúmmibotnum. Rauð tautreyja með rennilás, í rifinni léreftsskyrtu, ermalausri, vinstri hlýri er rifinn frá. Blátt taupils með engum faldi. Í einum hvítum normalbuxum, nældum upp með öryggisnælu. Þegar kápunni er flett frá, sjást þrjár marflær. Þegar skór eru teknir af, kemur í ljós, að tær og hælur á sokkunum eru í sundur. Á hægri sokk vantar alveg tána.

Likið er grannholda. Hár ekkert farið að losna. Hársvörður eðlilegur. Andlitið blátt, litið eitt þrútið. Hægra auga meira framstandandi en vinstra. Húðin blá yfir nefrót og augnalokum, neðra augnalok vinstra megin blásvart. Nefbroddur með eðlilegum hörundslit. Kinnbein og haka sömuleiðis. Efri vör blágræn innan og utan, tanngarðar og tennur eðlilegt. Yfir enni neðst og um mið bæði eyru er far undan höfuðskýlunni. Vinstri eyrnasneppill þrútin, en hægri eyrnasneppill upp á mitt eyra og fram á gagnauga bólginn og blóðsprengdur. Blæðingin er gegnum húð og undirhúð, ekkert niður í vöðva. Gómstórt, blóðhlaupið sár framan og utan á hægra eyra. Hálsinn er blágrænn, lítillsháttar maceratio á húð undan rennilás treyjunnar. Bakið eðlilegt útlits og engir líkblettir. Á brjósthóli er hornhúð aðeins farin að losna yfir hægra brjósti, brjóstvörtur eðlilegar. Kviður blágrænn útlits, ekkert uppblásinn. *Stirðleiki, rigor mortis, finnanlegur um báða olnbogaliði*, handleggir verða þó réttir upp. Hægri upphandleggur gulgrænn með greinilegri margulu. Auðsjáanlega nokkurra daga gamalt mar fyrir dauða. Gamalt brunaör framman á hægri öxl, ca. 4×10 cm. Hægri framhaldleggur eðlilegur, hægri hendi (sic) skorpín, hornhúð að byrja að losna, neglur allar fastar. Vinstri handleggur eðlilegur. Vinstri hendi sama og sú hægri. Bæði læri eðlileg. Á hægra fótlegg er ca. 2 cm. í þvermál marblettur ca. 15 cm. neðan hné. Hornhúð á hægri il litið eitt maceruð. Neglur allar á báðum fótum. Ca. 10 cm. neðan vinstra hné er ca. 4 cm. blásvart ör eftir skurð. Gamalt sár sést yfir efsta stóru-táarlið hægri fótur. Flatilja.

Ytri kynfæri og endaparmur eðlileg útlits.

Blóðlitaður vökvi flýtur út úr munni og nefi. Sandur eða slý er ekkert að sjá á líkinu, nema litið eitt kringum neglur á hægra fæti. Neglur á tám allar fastar.

Obductio: Skurður lagður eftir miðlinu frá höku og niður á lifbein. Barki eðlilegur, barkakýli og málbein óbrotið. Barkalok eðlilegt, munnbotn sömuleiðis.

Bjósthol: Þind í exspirationsstöðu, lungu ná ekki saman framan yfir hjarta, eru ekkert uppblásin, en finar loftblöðrur á yfirborði þeirra. Hægra lunga gróið við brjósthol og þind. Vinstra lunga frítt. Blóðlitaður vökvi, ca. 1 líter, í vinstra brjóstholi. Lungun eru losuð út. Þau eru mjög blóðþrungin (hyperaemisk). Bronchi lítið eitt hyperaemiskir. Lungun svampkennd, loftinnihald töluvert, enginn vökvi flýtur út við vindinn. Lungun fljóta. Enginn vökvi í gollurshúsi. Hjarta eðlilega stórt, bláðtómt, lokur eðlilegar.

Kviðarhol: Maginn þrengir sér út í skurðinn, stór og nokkuð uppblásinn. Maginn er einangraður frá vélinda og skeifugörn með fyrirhnýtingu og losaður út. Yfirborð hans er eðlilegt, engar blæðingar né rotnun merkjanleg. Magainnihald 1000 ccm., að mestu fiskur, virðist lítt eða ósoðinn saltfiskur, og nýjar, óhýddar, hráar kartöflur. Vökvi enginn. Magainnihald virðist ómelt. Skeifugörn og mjógirni tómt, saur neðst í ristli. Líkið er mjög innanmagurt. Við lifur, nýru, milta og bris er ekkert að athuga. Innri kynfæri eðlileg, um graviditet er ekki að ræða. Bláðra eðlileg. Nýrna- og garnmör er engan að finna.

Höfuð: Hársvörður eðlilegur útlits, ekkert hárlos. Skurður lagður frá hnakkabeini og fram á enni, höfuðhúð flett til hliðar og niður á eyru. Á hægra gagnauga er blóðinnbisitio í húð og undirhúð, ekki í vöðva. Enginn áverki merkjanlegur á höfuðskel. Höfuðkúpan er söguð ofan af með hringskurði, engar blæðingar merkjanlegar við heilahimnu. Heilinn skorinn þvert sundur, engin heilagrotnun. Tekið í 50 gr. glas af brjóstholsvökva, allt magainnihald í annað glas og stykki úr báðum lungum sett í ilát með 4% formalinupplausn. Ílátin öll innsigluð. Skurðir saumaðir saman.

Við líkskoðunina finnst engin ákveðin dauðaorsök annað en köfnunardauði. Druknun engan veginn útilokuð. Áverkann á gagnauga hægramegin má telja stúlkuna hafa fengið í lifanda lífi, skömmu fyrir dauða, en hann mundi engan veginn hafa getað orðið bein dauðaorsök.

Af finnanlegum rigor mortis um olnbogaliði og öðru útliti líksins þykir ósennilegt, að líkið sé eldra en 4—5 sól-

arhringa, en um slíkt verður ekki sagt með neinni vissu, og jafnvel ekki útilokað, að líkið geti verið 14 daga gamalt.“

Skýrslan um líkskoðunina, ásamt sýnishornum þeim, er lækarnir tóku af líkinu, var síðan sent rannsóknarstofu háskólans og leitað álits hennar. Líkskoðun og skýrsla héraðslæknanna varð fyrir allmikilli gagnrýni rannsóknarstofunnar. Taldi rannsóknarstofan dauðaorsök ófundna, því drukknunareinkenni hafi ekki sézt ábyggileg, og væri ómögulegt að úrskurða, hvort konan hefði komið lifandi eða dauð í vatnið. Taldi hún ómögulegt að segja, hvað langt hefði verið liðið frá dauða, þegar konan var krufin, en sennilega hefði það þó ekki verið skemmra en 2 sólarhringar. Taldi hún mjög ósennilegt, að líkið hafi getað legið 14 daga í sjó, en ekki ómögulegt, að það væri orðið 14 daga gamalt.

Málið var því næst borið að nýju undir héraðslæknana, og að fengnum ýtarlegri upplýsingum frá þeim aftur undir rannsóknarstofuna, er þá gaf eftirfarandi framhaldsálit.:

„Ég hefi mótttekið, herra lögreglustjóri, bréf yðar dags. 13. þ. m. með hjálagðri viðbótarskýrslu héraðslæknisins á Eskifirði um krufningu á líki Halldóru Bjarnadóttur.

Samkvæmt þessum upplýsingum hefir húðlosið á höndunum verið á barnslófastóru svæði í greipum og á tveggja-krónupeningsstöru svæði á báðum handarbökum, en nokkru minna í lófum.

Ennfremur upplýsist það, að blágræni liturinn neðan vinnstra auga, á efri vör og beggja megin á hálsi hefir virzt vera rotnun, en ekki litið út fyrir að stafa af áverka.

Loks, að ekkert innihald hafi fundizt í lungnapípum, engin froða eða þ. u. l.

Allar þessar upplýsingar benda í sömu átt, rotnunarmerkin til þess, að töluvert hafi verið liðið frá dauða, og húðlosið er eftir þessum upplýsingum það mikið, að það getur samrímzt því, að líkið hafi legið í allt að $\frac{1}{2}$ mánuð í vatni. Og ef líkið hefir legið svo lengi í vatni, var viðbúið, að öll froða hefði horfið úr barka og lungnapípum, þótt konan hefði druknað.

Læknarnir telja ótvírætt, að um dauðastirðnun hafi verið að ræða í olnbogaliðum, og það er að þessum upplýsingum fengnum það eina, sem eftir er af þeim einkennum, sem bentu til, að líkið hefði verið tiltölulega ferskt.

En þar sem nú er upplýst, að allveruleg og útbreidd rotnun hefir verið komin í líkið, er ekki unnt að leggja mikið upp úr stirðnuninni í olnbogaliðunum, því hér er svo lítil reynsla fyrir því, hve lengi hún getur haldizt í sjóreknunum líkum, en í kulda getur hún haldizt furðulega lengi.

Eftir þessum upplýsingum að dæma virðist það því ekki ósennilegt, að 14 dagar hafi verið liðnir frá dauða, þegar líkið fannst, og þótt búast hefði mátt við meiri breytingum á húðinni við að liggja allan þennan tíma í vatni, þá er þó upplýst, að svo mikið hornhúðarlos hefir verið komið á hendur og fingur, að það getur ekki talizt ósamrím-anlegt því, að líkið hafi legið allan timann í vatni.

Um dauðaorsökina er af viðbótarskýrslunni ekki unnt að draga neinar ályktanir.

Fylgiskjalið endursendist.

Virðingarfyllst,

Niels Dungál.“

5.

Halldóra heitin Bjarnadóttir er talin fædd 11. júlí árið 1901 eða 1902 í Hagakoti í Garðahreppi. Frá 16 ára aldri dvaldi hún í Hafnarfirði og síðustu árin í Reykjavík.

Sumarið 1920 varð hún veik á sinni um nokkurt skeið, en síðan batnaði það og bar ekki síðar á því. Hinn 26. júní 1934 eignaðist hún barn, sem komið var í fóstur fyrir atbeina barnaverndarnefndar.

Í byrjun vetrar 1934 réðst Halldóra til þeirra hjóna Jóns og Ásthildar, sem þá bjuggu í Sauðagerði hér í bæ.

Þá hafði Halldóra verið undanfarið laus í vistum. Um haustið var hún m. a. um mánaðartíma í vist hjá frú Guðnýju Jónsdóttur. Kærði frúin sig þá ekki um að hafa hana lengur, og varð þá að samkomulagi, að hún færi.

Frúin hefir lýst Halldóru heitinni svo, að hún hafi verið vandræðamanneskja og tæplega með réttu ráði. Telur frúin hana hafa verið vandaða og góða í sér, óframfærna, en ímyndunarfulla og umtalsilla um fólk. Sem dæmi um það skýrði frúin frá því, að hún hafi talið flesta af íbúum hússins, sem þau buggu í, vera bruggara. Einnig hafði Halldóra orð á því, að nafngreind kona, sem henni var kunnug og um tíma hafði haft barn hennar á fóstri, hefði haft af sér fé, og varð frúin að ganga í það mál og rann-

saka og komst að raun um, að hún hafði konu þessa fyrir röngum sökum. Í verkum sínum telur frúin Halldóru hafa verið þrífna, en ákaflega hirðulausa um sjálfa sig. Hún var fremur veikluð og lá iðulega þennan tíma, og var þá slæm á skapsmunum og grét oft. Lét frúin sækja til hennar lækni eitt sinn, Kristínu Ólafsdóttur. Það var 26. nóv. 1934. Hefir læknirinn kallað sjúkdóm hennar í bókum sínum hysteria.

Af vitnisburðum og öðru því, er fram hefir komið í málinu, má ráða, að Halldóru heitinni sé hér rétt lýst, og af öllu því, sem upplýst hefir í málinu, verður að álykta, að hún hafi verið öðruvísi og vesælli en fólk er flest.

Þau hjón Jón og Ásthildur bjuggu í Sauðagerði þar til vorið 1935, að hús þeirra brann. Eftir það lentu þau á nokkrum hrakningi með heimili sitt og voru á ýmsum stöðum hér í bænum og ferðalagi, og var Halldóra jafnan með þeim. En um rúman mánaðartíma um sumarið komu þau henni í kaupavinnu norður að Ögmundarstöðum í Skagafirði, og fékk hún þar gott orð. Haustið 1935 fluttu þau hjón til Eskifjarðar og settust fyrst að hjá foreldrum Ásthildar, Guðmundi nuddlækni Péturssyni og konu hans, í Merki, en um nýársleytið 1936 settust þau að í húsi, sem þau höfðu keypt sér þar á staðnum og kallað Grund. Fór Halldóra með þeim austur.

Þegar Halldóra réðst til þeirra hjóna, var ákveðið, að hún tæki í kaup annaðhvort 20 eða 25 krónur á mánuði. Strax um vorið 1935 hættu þau hjón þó að gjalda henni kaup og gerðu þá við hana skriflegan samning, sem ekki hefir komið fram í málinu. Samkvæmt frásögn þeirra hjóna átti hún eftir samningnum að hafa fæði og fatnað, en ekki kaup. Gerðu þau Halldóru tvo kosti, annaðhvort að fara eða ganga að samningnum og undirrita hann. Vitni, sem var viðstatt undirritun samningsins, hefir borið, að Halldóra hafi í fyrstu færzt undan að skrifa undir samninginn og borið við þeirri ástæðu, að hún ætti ekki að fá kaup samkvæmt honum. En þegar Jón gerði henni tvo kosti, annaðhvort að fara eða ganga að þessu, undirritaði hún samninginn þvingunarlaust, að áliti þessa vitnis. Vitni hefir borið það, að Halldóra hafi síðar verið hrædd við þennan samning.

Í kaupavinnuna að Ögmundarstöðum ráðstöfuðu þau hjón

Halldóru að öllu leyti, sáu um ferð hennar norður og sóttu hana norður aftur. Lagði Ásthildur svo fyrir, að kaup hennar skyldi greitt sér, og var svo gert. Var kaupið 22 krónur á viku og nam alls 130 krónum, og hefir Ásthildur viðurkennt að hafa ekki látið Halldóru hafa af því.

Ásthildur hefir verið látin gera grein fyrir fatnaði þeim, er hún samkvæmt samningnum hefir látið Halldóru hafa. Kom þá fram, að Halldóra hefir fengið nokkuð af fatnaði til hversdagsnota, en að mestu leyti þó uppgjafaflikur af Ásthildi sjálfri. Samkvæmt uppskriftargerð hreppstjóra Eskifjarðarhrepps eru eftirlátnir fataræflar hennar virtir á 5 krónur. Aðrar eftirlátnar eignir hennar voru sængurföt, virt á 7 krónur, og koffort, virt á 5 krónur.

6.

Heimilislífi þeirra hjóna Jóns og Ásthildar er svo lýst, samkvæmt því sem fram hefir komið í málinu, að það hafi verið all-svarrafengið, og sambúð þeirra skrykkjótt, og það svo, að þau hafa skilið samvistir um tíma. Hafa þau lýst hvort öðru svo, að hann sé uppstökkur, en hún skapstór. Virðast þau iðulega hafa deilt og stundum orðið með þeim hrindingar og það svo, að í eitt skipti, sem upplýst er um, hlutu þau slíkar meiðingar, að þau urðu hvort um sig að leita læknis.

Heimiliskunningja virðast þau hjón hafa fáa átt og ekki svo nána, að þeir gætu að ráði borið um heimilislíf þeirra eða liðan Halldóru hjá þeim. Segir sýslumaður, að þau hafi verið illa þokkuð á Eskifirði, og margir haft horn í síðu þeirra og forðast að umgangast þau. Mörg vitna þeirra, er yfirheyrð hafa verið þar, hafa borið um orðróm, er þar hafi gengið um illa meðferð á Halldóru heitinni, hún hafi verið ófrjáls ferða sinna og höfð innilokuð, en án þess að geta borið um það af persónulegri þekkingu, eða rökstutt það með dæmum.

Af rannsókn málsins yfirleitt má ráða það, að Halldóra heitin hefir verið hrædd við þau hjónin á alveg óeðlilegan hátt. Vorið 1935, eftir að brann hjá þeim hjónum í Sauðagerði, dvöldu þau á ýmsum stöðum, eins og áður er sagt, og frá þeim tíma hefir helzt verið unnt að fá vitnisburði um aðbúð Halldóru hjá þeim. Þá um tíma dvaldi Ásthildur með Halldóru hjá mágkonu sinni, Vilborgu Guðlaugsdóttur.

Hefir Vilborg borið það, að Halldóra hafi sagt sér, að sér líkaði ekki að vera hjá þeim hjónum, og vildi hún komast burtu, en sig brysti kjark til þess.

Það vor bjuggu þau hjón um tíma á Þórsgötu 18. Húsfreyjan þar, Sólveig Eiríksdóttir, hefir borið, að sér hafi virzt Halldóru líða illa á heimilinu og hún hafi verið hrædd við að hafa mök við annað fólk vegna Ásthildar. Eitt sinn bauð frúin henni kaffi, þegar hún var að þvo þvott. Ætlaði Halldóra varla að þora að þiggja það, svo var hún hrædd um, að Ásthildur mundi koma að þeim. Kveðst frúin hafa orðið að standa vörð meðan Halldóra drakk kaffið.

Sama vor bjuggu þau um tíma á Bræðraborgarstíg 21. Frú Þóra Pétursdóttir, er leigði þeim hjónum þar, hefir borið, að Halldóra hafi þá litið út eins og skepna, verið illa til fara, snögghlippt og sóðaleg. Hún var ákaflega hrædd við þau hjónin og þorði ekki að tala við frúna. Eitt sinn, er frúin ávarpaði hana, sagði hún: „Í guðs bænum hafið ekki hátt, ég má engu svara.“

Í sama húsi, næsta herbergi við þau hjón, bjó frú Olga Þórhallsdóttir, og kynntist hún Halldóru nokkuð. Hefir hún borið, að Halldóra hafi verið mögur og illa til fara og hrædd við þau hjónin. Kveðst hún hafa merkt það á því, að ef Halldóra sneypri börn þeirra hjóna, hafi hún jafnan á eftir beðið þau mjög innilega að segja ekki foreldrum sínum frá þessu. Hún kveðst iðulega hafa heyrt Ásthildi skamma Halldóru hinum grófustu orðum, kalla hana svin og kvikindi. Einnig skammaði Jón hana, en þó ekki eins svæsið. Eitt sinn kvaðst hún hafa spurt Halldóru, hvort henni líði ekki illa þarna. Þá hristi Halldóra höfuðið og sagði: „Eg má ekkert segja.“ Frúnni þótti liðan Halldóru hjá þeim hjónum það ábótavant, að hún ræddi um það við mann sinn að gera lögreglunni aðvart, en af því varð þó ekki, enda var Halldóra þarna skamman tíma.

Barni Halldóru hafði verið komið fyrir hjá frú Mariu Jónsdóttur, Holtsgötu 13 hér í bæ, og hafði hún þess vegna allmikil kynni af henni. Hún hefir borið vitni í málinu og telur sér hafa verið það fullkunnugt, að Halldóru hafi liðið illa hjá þeim hjónum. Kvartaði Halldóra um það við hana, að hún liði sult þar á heimilinu, og allt atlæti væri ótuktarlegt. Ræddi Halldóra margoft við hana um það að fara, en ekkert varð af því vegna istöðuleysis hennar.

Frá Eskifjarðardvöl Halldóru eru fáir vitnisburðir. Læknirinn, Einar Ástráðsson, sem nokkrum sinnum vitjaði Halldóru sjúkrar, hefir borið, að hann hafi þá ekki orðið var við, að farið væri illa með hana á heimilinu. Hann hefir og talið, að Ásthildur léti sér umhugað um hana meðan hún lá. Foreldrar Ásthildar, Guðmundur nuddlæknir Pétursson, og kona hans, Elín Runólfsdóttir, hafa ekki talið Halldóru illa meðfarna á heimilinu. Aftur á móti hefir bróðir Ásthildar, Sigurjón, borið, að þau hjón hafi ávallt verið höst við Halldóru í orðum og hún kúguð af þeim og alveg á valdi þeirra. Kona hans, frú Jóhanna Hjelm, hefir og borið um illa liðan Halldóru þar á heimilinu og nefnt til dæmi, sem siðar verða nánar rakin, og lýst því, að Ásthildur hafi beitt hana ljótu orðbragði. Þess skal getið, að upplýst er í málinu, að óvild ríkti milli heimilis Jóhönnu og þeirra hjóna, og hafa þau hjón mótmælt eindregið vitnisburði hennar.

Þau hjón hafa þrátt fyrir þessa vitnisburði haldið því fram almennt, að Halldóra hafi enga nauð liðið á heimili sínu, og aðbúð hennar þar verið lýtalaus. Þau hafa þó viðurkennt, að hafa iðulega skammað Halldóru, og hefir Jón talið, að þau hafi gert óþarflega mikið að því. En jafnframt hafa þau haldið því fram, að framkoma hennar og háttalag hafi gefið fullt tilefni til þess. Ásthildur hefir jafnframt haldið því fram, að Halldóra hafi sókzt eftir því að fá að vera hjá þeim hjónum áfram og meira að segja beðið sig fyrir barn sitt, því hún treysti engri, nema henni, til að fóstura það upp.

Það hefir þó hinsvegar komið fram í málinu, að Halldóra hefir fljótlega eftir að hún kom til þeirra hjóna hugsað til að komast þaðan í burtu aftur. Eru upplýsingar þær, sem fram hafa komið um það efni, þess eðlis, að ástæða er til að telja það merki þess, að ekki hafi allt verið með felldu um vist Halldóru þar á heimilinu, og skal það nú nánar rakið.

Síðari hluta janúarmánaðar 1935 ræður Halldóra sig samkvæmt auglýsingu sem vertíðarstúlku að Stað í Grindavík. Hún kom þó ekki þangað á tilsettum tíma, og þegar hennar var vitjað, neitaði hún að fara og bar því við, að til sín hefði verið símað og sér tilkynnt uppsögn. Tvö vitni hafa borið það, að Halldóra hafi sagt sér frá þessu og kennt

þeim hjónum um, þau hafi sjálf símað eða látið síma til sin uppsögnina.

Annað þessara vitna, María Jónsdóttir, hefir það eftir Halldóru, að hún hafi sjálf skýrt Ásthildi frá ráðningunni, en Ásthildur hafi þá talið hana af þessari ráðabreytni og beðið hana að vera áfram, lofað að útvega henni fiskvinnu og heitið henni friu fæði á meðan hún væri hjá henni.

Þessu hafa þau hjón eindregið neitað og talið sér með öllu ókunnugt um þessa ráðningu Halldóru.

Þá var Halldóra um vorið föluð í kaupavinnu að Læk í Flóa. Fór húsfreyja sjálf að tala við hana og hefir hún borið fyrir rétti, að sér hafi virzt Halldóra verða hrifin af því boði. Taldi hún sig þó verða að bera þetta undir þau hjón, en eftir að það var gert, tjáði hún húsfreyju, að ekki gæti af því orðið, að hún réði sig til hennar, og var hún þá kjökrandi, er hún tjáði henni þetta. Talaði húsfreyja þá við Jón og taldi hann útilokað, að Halldóra gæti ráðið sig til hennar, með því að hún væri annars staðar ráðin, og skellti hann hurðinni framan í húsfreyju. Varð því ekkert úr þessari ráðningu. Jón hefir ekki talið sig muna eftir þessu, en hefir þó ekki fortakið, að það hafi kunnað að eiga sér stað.

Þetta sama vor var Halldóru og vitjað í kaupavinnu að Hallanda í Flóa, en þar hafði hún verið í kaupavinnu í mörg undanfarin sumur og hafði ráðgert að fara þangað aftur. Fór Geir bóndi heim til hennar og hitti þar mann að máli, sem hann ekki þekkti, er sagði honum, að Halldóra væri farin austur á firði og mundi ekki fara til hans í kaupavinnu það sumar. Reyndi hann þá ekki frekar að ná tali af Halldóru. Jón hefir ekki talið sig muna til þess að hafa veitt Geir bónda þessi svör eða við hann talað, en hefir bent á, að þetta vor fór Ásthildur í kynnisför til foreldra sinna á Eskifirði og hafði Halldóru með sér, og kunni það að hafa verið um sama leyti og Geir var á ferðinni.

Eins og áður er getið, fóru þau hjón um Skagafjörðinn og tóku Halldóru þar að kaupavinnu hennar lokinni og höfðu með sér til Reykjavíkur. Þar tóku þau sér gistingu á hóteli. Meðan þau voru að koma sér fyrir þar og bera inn dót sitt hvarf Halldóra. Leitaði Jón hennar, en árangurslaust. Einum eða tveimur dögum síðar rákust þau á hana á götu, og var hún þá fús að koma til þeirra aftur, að því

er þau sjálf hafa skýrt frá, en neitaði með öllu að gera þeim grein fyrir, hvar hún hefði verið eða hvað hún hefði ætlað fyrir með þessu brotthlaupi sínu.

7.

Samkvæmt skýrslu héraðslæknanna um líkskoðunina, sem fyrr er tilfærð, voru þrír áverkar á líkinu. Framan og utan á hægri eyra var gómstórt, blóðhlaupið sár, eyrna-snepillinn bólgin og blóðsprengdur og allt fram á gagnauga. Telur rannsóknarstofa háskólans líkur hafa fundizt fyrir því, að Halldóra hafi fengið þennan áverka rétt fyrir dauðann, sennilega innan sólarhrings. Á hægri upphandlegg líksins var greinileg margula, marið auðsjáanlega nokkurra daga gamalt fyrir dauða, að því er héraðslæknarnir telja. Loks var marblettur á hægri fótlegg, ca. 2 cm. í þvermál. Að áliti héraðslæknanna og rannsóknarstofunnar geta áverkar þessir ekki talizt dauðaorsök.

Þau hjónin Jón og Ásthildur hafa gert þá grein fyrir áverkum þessum, að eitthvað 4—5 dögum áður en Halldóra hvarf hafi hún dottið á andlitið. Kveðst Ásthildur hafa tekið eftir, að mar kom út á andliti hennar, en segir, að það hafi þó verið farið að hverfa. Jón hefir fullyrt, að síðast, þegar hann veitti Halldóru eftirtekt kvöldið áður en hún hvarf, hafi ekki séð annað á henni en daufa marbletti eftir þá byltu. Marblettina á handlegg og fótlegg hafa þau ekki getað skýrt.

Vitnisburðir þeir, sem fengizt hafa um áverka á Halldóru og ætlaðar misþyrmingar af hálfu þeirra hjóna skulu nú raktir.

María Jónsdóttir hefir skýrt frá því, að Halldóra hafi sagt sér, að hún væri barin af þeim hjónum, og kveðst hún hafa skilið hana svo, að það væri daglegur vani. Ennfremur hefir hún sagt frá því, að vorið 1935 hafi Ásthildur um tíma stokkið frá Jóni. Hafi þá Jón komið til sín að leita að Halldóru, er þá fylgdi Ásthildi. Þá hafi Jón skýrt sér frá, að Ásthildur berði Halldóru, og hann teldi ekki forsvaranlegt að hafa hana hjá henni. Nokkru síðar átti María tal við Ásthildi um þetta og taldi hún þá, að Jón berði hana. Þegar þetta var borið á þau hjón í réttinum, neitaði Ásthildur eindregið að hafa farið með slíkar sögur um Jón. Jón kvað það aftur á móti geta vel verið, að hann hafi skýrt Maríu

frá því, að Ásthildur berði Halldóru, en hann hafi þá skrökvað því upp á konu sína.

Þá hefir frú Þóra Pétursdóttir borið, að þegar Halldóra kom í húsið til hennar, hafi hún verið með áverka á öðru gagnauganu, bláan blett. Þau hjón hafa neitað því að hafa tekið eftir því eða vera völd að honum, og frú Vilborg Guðlaugsdóttir, sem Halldóra var hjá næst á undan, hefir ekki talið sig hafa orðið vör við þann áverka. Í annað skipti sá frú Þóra, að það lagaði blóð úr kinn Halldóru, eins og eftir klór. Heldur ekki hafa þau hjón talið sig geta upplýst um það. Þá hefir frúin talið sig hafa heyrt Ásthildi hóta henni líkamlegum refsingum. Frú Olga Þór-hallsdóttir hefir og borið, að hún hafi heyrt Ásthildi hóta Halldóru að rassskella hana, svo blæddi úr, meðan hún var var í húsinu. Ásthildur hefir þrætt fyrir þetta.

Frá Eskifjarðardvöl Halldóru hefir frú Jóhanna Hjelm borið það, að þau hjón hafi bæði misþyrmt Halldóru. Frúin var um tíma daglegur gestur á heimili þeirra hjóna, en eins og áður segir, reis siðar upp óvild milli hennar og þeirra. Frúin hefir skýrt svo frá, að hún hafi tvisvar heyrt Halldóru hljóða uppi á lofti, og hafi börn sín ung, sem voru uppi á loftinu, sagt sér, að í annað skiptið hafi Ásthildur barið Halldóru í bakið með skó, en í hitt skiptið hafi Jón sparkað í hana. Þá kveðst frúin eitt sinn hafa séð Halldóru með áverka fyrir neðan augað. Í síðasta skiptið, sem frúin kom til þeirra hjóna, var hún sjónarvottur að því, að Jón reiddist Halldóru. Stökk hún undan honum upp á loft, og heyrði frúin þar tusk í þeim og ámátleg hljóð í Halldóru. Eftir að frúin hætti að koma til þeirra hjóna sá hún Halldóru eitt sinn út um glugga, og var hún þá blámarin í andliti og bólgin fyrir neðan bæði augu. Það var í ágúst-mánuði síðastliðnum.

Þau hjón hafa eindregið neitað því að hafa nokkru sinni veitt Halldóru líkamlega áverka eða hótað henni slíku. Jón hefir þó skýrt frá því, að hann hafi séð það koma fyrir, að Ásthildur greip í Halldóru og leiddi hana að verki því, er hún átti að vinna.

8.

Eftir að Halldóra réðst til þeirra hjóna hætti hún að rækja kunningsskap við kunningja sína og hvarf þeim flestum. Eftir að þau fluttu til Eskifjarðar var Halldóra svo ein-

angruð, að hún talaði varla við nokkurn mann utan heimilisins.

Þegar Halldóra réðst til þeirra, var svo umsamið, að hún hefði fri einn dag í viku, annanhvern sunnudag, og virkan dag í hinni vikunni. Hefir Ásthildur talið, að hún hafi ávallt farið þá út og gengið hart eftir að komast sem fyrst. Þessum ákveðnu fridögum svipti Ásthildur hana þó bráðlega, og heldur hún því fram, að Halldóra hafi tekið því vel. Ástæðuna fyrir því, að Halldóra var svipt fridögum sínum, hefir Ásthildur talið þá, að hún hafi verið mikið gefin fyrir karlmenn, og taldi hún þörf á að koma í veg fyrir samgang Halldóru við þá. Jón hefir neitað því að hafa verið með í þessum ráðum. Eftir að Halldóra lét þannig af fridögum sínum fór hún yfirleitt ekki út, nema annað hvort með Ásthildi eða börnum þeirra hjóna.

Vitnið María Jónsdóttir hefir borið það, að Halldóru hafi verið meinað af þeim hjónum að sjá barn sitt, sem hjá henni var. Hefir hún borið það, að Halldóra hafi heimsótt það með leyfi þeirra hjóna í 2—3 skipti, og síðar hafi hún komið fáum sinnum í óleyfi. Síðast sá hún barn sitt rétt áður en hún fór í kaupavinnu, og kom þá María með það til hennar. Ekki kvaddi hún það áður en hún fór austur.

Ásthildur hefir neitað því að hafa nokkru sinni synjað Halldóru leyfis um að fara og sjá barn sitt. Hún hefir haldið því fram, að jafnan, þegar Halldóra fór út, hafi hún sagt sér, að hún ætlaði til barnsins, en kveðst hafa orðið þess vör, að hún gerði það ekki ávallt. Eitt skipti kveðst hún hafa vitað til þess, að Halldóra var með karlmönnum, í stað þess að vitja barnsins. Ásthildur hefir viðurkennt það að hafa ekki tekið sér fram um að láta Halldóru kveðja barn sitt áður en hún fór til Eskifjarðar.

Þá hafa í rannsókn málsins komið fram vitnisburðir um það, að þau hjón hafi beint lokað Halldóru inni. Þannig hafa þær frú Þóra Pétursdóttir og frú Olga Þórhallsdóttir borið það, að hún hafi verið lokuð ein inni á Bræðraborgarstíg 21. Þær hafa þó ekki getað fullyrt það, hvort herberginu var lokað utan frá, eða hvort Halldóra lokaði sjálf að sér, utan í eitt skipti, sem frú Olga kveðst hafa staðreynt, að dyrnar voru læstar utan frá, og Halldóra ein höfð inni. Ásthildur hefir neitað því að hafa lokað Halldóru inni í herbergi því, sem þau hjón höfðu leigt á Bræðraborgar-

stignum, en kveður, að hún hafi stundum sjálf læst að sér, þegar þau hjón voru úti. Aftur játaði hún að hafa stundum læst forstofu þeirri, er gengið var í úr herberginu, þannig að Halldóra varð að fara upp á loft og í gegnum íbúð Þóru Pétursdóttur til þess að komast út. Þennan framburð sinn tók hún þó jafnharðan aftur.

Í fyrstu yfirheyrslu viðurkenndi Ásthildur, að það hafi komið fyrir eftir að þau hjón fluttu til Eskifjarðar, að þau hafi lokað Halldóru inni í húsinu að degi til, þegar þau fóru að heiman. Kvað hún ástæðuna til þess vera þá, að þau hafi talið Halldóru andlega brjálaða. Einnig kveðst hún með þessu hafa viljað halda henni frá karlmönnum. Þennan framburð sinn hefir Ásthildur síðar tekið aftur, en með tilliti til þess, að hún færir ástæður fyrir því, að hún taldi sér þörf á að loka Halldóru inni, svo og þess, sem upplýst er með öðrum hætti í málinu og þegar hefir verið rakið og þykir gera þetta sennilegt, er ekki hægt að taka þá afturköllun til greina.

Jón hefir jafnan þrætt fyrir það, að Halldóra hafi verið höfð innilokuð, öðruvísi en svo, að henni hafi verið sagt að loka að sér að innanverðu, og hún sjálf haft lykilinn. Ástæðuna fyrir því, að Halldóru var þannig fyrirskipað að loka að sér, hefir hann talið vera þá, að ekki yrði farið inn á verkstæði sitt, sem innangengt er í úr íbúðinni.

Þess skal getið, að þau hjónin hafa skýrt svo frá, að Halldóra hafi tvisvar sinnum eftir að til Eskifjarðar kom farið út að næturlagi, svo þau yrðu vör við. Vildi hún ekki gefa neina skýringu á því, þótt á hana væri gengið. M. a. þess vegna gættu þau þess að hafa húsið lokað um nætur. Vildu þau með því halda Halldóru frá næturslarki, eins og Ásthildur kemst að orði.

9.

Við líkskoðunina kom fram, að lík Halldóru var mjög innan magurt, nýrna- og garnmör enginn, skeifugörn og mjógirni tóm, magainnihald lítt eða ósoðinn saltfiskur og nýjar, óhýddar, hráar kartöflur, ómelt, að því er virtist.

Um þetta segir svo í fyrra álitu rannsóknarstofunnar:

„Af skýrslunni virðist mega ráða það, að konan hafi soltið um lengri tíma, því það er algerlega óeðlilegt, að enginn garna- né nýrnamör finnist. Þótt það sé ekki tekið

fram, verður að gera ráð fyrir, að engin fita hafi fundizt í netjunni (héraðlæknarnir hafa síðar upplýst, að þetta er rétt). Og þar sem mjógirni og efri hluti ristils er tóm, lítur út fyrir, að konan hafi einskis matar neytt í tvo sólarhringa þangað til hún gleypir í sig stóra máltíð skömmu áður en hún deyr.“

Af vitnum þeim, er um viðurværi Halldóru hjá þeim hjónum hafa borið, hefir María Jónsdóttir talið Halldóru hafa sagt sér, að hún fengi ekki nóg að borða. Jóhanna Hjelm hefir og talið sig hafa orðið þess áskynja bæði, að dregið væri af mat hennar og eins, að hún hefði ekki næði til að borða.

Það er upplýst í málinu, að Ásthildur hefir jafnan skammtað heimilisfólki mat, og hann verið geymdur yfirleitt í læstum skáp milli máltíða.

Þau hjón hafa eindregið haldið því fram, að Halldóra hafi ávallt fengið nógan mat og þann sama og heimilisfólkið. Á heimilinu hafi að visu ekki verið haft margbrotið fæði, en hægt hafi verið að halda holdum af því. Þau hafa skýrt frá því, að Halldóra hafi þurft óeðlilega mikið að borða og borðað oft meira en henni varð gott af. Í þessu sambandi skal þess getið, að hvorki frú Guðný Jónsdóttir né frú Vilborg Guðlaugsdóttir minnst þess, að Halldóra hafi neytt matar umfram það, sem venjulegt er. Þá hafa þau og skýrt frá því, að Halldóra hafi iðulega hnuplað sér mat til eigin neyzlu, þar sem hún komst yfir hann.

Hjónin hafa bent á, að Halldóra hafi iðulega verið veik í maga, og hafa talið það bera vitni um, að henni hafi verið gjarnt að borða meira en hún hafði gott af, og hafa viljað með því skýra, hversu hún þurfti mikið að borða. Þau hafa haldið því fram, að hún hafi verið í góðum holdum allt þangað til s. l. sumar. Þá lá hún um tíma í ágústmánuði vegna igerðar í hné og af afleiðeingum bilslyss, og varð þá mjög mögur og náði sér ekki eftir það. Til sönnunar því hafa þau lagt fram ljósmynd af Halldóru, sem tekin var s. l. vor, og verður ekki annað ráðið af myndinni, en hún sé í fullum holdum. Myndin var borin undir frú Guðnýju Jónsdóttur, og taldi frúin Halldóru öllu feitari að sjá á myndinni en meðan hún var hjá henni, enda var hún þá nýkomin úr kaupavinnu, sem hún fór í að afloknum barnsburði.

Foreldrar Ásthildar, Guðmundur nuddlæknir Pétursson, og kona hans, Elin Runólfsdóttir, sem tækifæri höfðu til að fylgjast með mataræði Halldóru, þegar þau hjón, ásamt henni, bjuggu hjá þeim, hafa eindregið haldið því fram, að Halldóra hafi fengið nógan mat hjá þeim, en þurft óeðlilega mikið og verið sistelandi mat. Hefir Guðmundur haldið því fram, að Halldóra hafi borðað „á við sverasta karlmann“, og hin mikla matargræðgi hennar hafi verið sjúkdómur.

Í tilefni af þessu var leitað álits læknanna Magnúsar héraðslæknis Péturssonar, Jóns prófessors Hjaltalins Sigurðssonar og Nielsar prófessors Dungals. Voru lagðar fyrir þá eftirfarandi spurningar:

„1) Getur sú fullyrðing nuddlæknisins, að Halldóra heitin hafi „ávalt fengið nóg að borða“ og „borðað á við sverasta karlmann“ komið heim við það, sem ráða má af holdafari líksins?

2) Hverjar líkur eru fyrir þeirri fullyrðingu nuddlæknisins, að hin „mikla matargræðgi“ Halldóru heitinnar hafi verið sjúkdómur?

3) Verður nokkuð um það ráðið af líkskoðuninni, að Halldóra heitin hafa þjáðst af sjúkdómi, sem getað hafi haft áhrif á holdafar hennar eða matarþörf?“

Svör læknanna fara hér á eftir:

„Ad. 1. Síðustu 2—3 dagana hefir Halldóra tvímælalaust ekkert eða sáralítið fengið að borða, nema þá máltíð, sem i maganum var. Sennilega hefir H. B. soltið um lengri tíma fyrir dauða sinn eftir útliti líksins að dæma.

Ad. 2. Einasti sjúkódmur, sem komið gæti til greina sem orsök slíkrar matargræðgi, sem hr. Guðmundur Pétursson getur um, er sykursýki. Ekkert er upplýst um, að konan hafi haft þennan sjúkdóm, sem er frekar sjaldgæfur hér, og einskis er getið í skýrslum þeim, sem fyrir okkur liggja, um önnur einkenni, sem búast hefði mátt við, að vart hefði orðið, ef konan hafði haft sykursýki á háu stigi.

Ad. 3. Ekkert hefir fundizt við líkskoðunina, sem benti á sjúkdóm, en hinsvegar skal það tekið fram, að við venjulega líkrannsókn sjást engin merki um sykursýki.“

Að fengnu þessu áliti læknanna var rannsókn málsins tekin upp að nýju. Komu engar beinar upplýsingar fram um það, að Halldóra hefði þjáðst af sykursýki. Voru þau

hjón yfirheyrð um sjúkdómseinkenni, er vera mætti, að orðið hefði vart á Halldóru. Yfirheyrsluna var viðstaddur Magnús Pétursson héraðslæknir, og er álit hans um það efni svo látandi:

„1) Sumt af sjúkdómseinkennum þeim, sem fram var borið, að Halldóra sál. hefði haft, gæti bent til þess, að hún hefði þjáðst af sykursýki.

2) Við réttarprófin kom ekkert það fram, sem útiloki það, að hún geti hafa verið haldin sykursýki, enda þess alls ekki að vænta.“

10.

Nú hefir verið rakið það, sem rannsókn málsins hefir leitt í ljós um vist Halldóru heitinnar Bjarnadóttur hjá hinum ákærðu hjónum, ráðningu hennar þar, viðurværi og aðra aðbúð, svo og það, er ráðið verður um geðslag hennar sjálfrar og hætti alla, og loks sagt frá hennar hinnstu stundum, eftir því sem auðið hefir orðið að upplýsa.

Af rannsókn málsins er það ljóst, að þeim hjónum verður ekki gefin að sök bein orsök til hins voveiflega dauðdaga Halldóru, enda tekur málshöfðunin ekki til þess. Áverkar þeir, sem upplýst er um, að Halldóra hafi borið, verða heldur ekki raktir til þeirra hjóna með fullgildum sönnunum, né heldur verður það talið á þau sannað, að þau hafi misþyrmt henni, svo að varði við 18. kapitula hegningarlaganna. Loks verður ekki, þrátt fyrir holdafar líksins, talið sannað, að hún hafi liðið skort á heimili þeirra hjóna, svo að við hinn sama kapitula hegningarlaganna varði, með því að ekki er útilokað, samkvæmt áðurgreindu álitu lækna, að það stafi af sjúkdómi hennar sjálfrar. Þykja og aðrar þær upplýsingar um það efni, sem fengizt hafa, ekki vera fullgild sönnun um það atriði.

Það þykir hinsvegar verða ráðið af rannsókn málsins, að Halldóra hafi á þann hátt verið svipt frelsi sínu á heimili þeirra hjóna, að varði við 213. gr. 2. mgr. hinna almennu hegningarlaga.

Með eigin játningu Ásthildar er það sannað, að hún hefir með hörðu haldið henni frá að umgangast karlmenn, svipt hana fridögum sínum og eftir það ekki látið hana koma út á milli manna, nema annað hvort í fylgd með sér eða börn-

um sínum ungum. Ennfremur verður, eins og áður segir, að byggja á þeirri játningu hennar, þótt siðar sé tekin aftur, að Halldóra hafi eftir að til Eskifjarðar kom stundum verið innilokuð, þegar þau hjón fóru út. Það þykir sannað, að Halldóra hafi ætlað sér að komast burtu frá þeim hjónum og reynt til þess (ráðningin til Grindavíkur, fölnun hennar að Læk, brotthlaupið, þegar hún kom til Reykjavíkur úr kaupavinnunni). Hún hættir að koma til kunningja sinna og rækja kunningsskap við þá eftir að hún kom til þeirra. Þau létu hana afsala sér með samningi umsömdu kaupi sínu, hirða vinnulaun hennar úr kaupavinnunni og svipta hana frídögum þeim, er um var samið upphaflega, að hún hefði. Framkoma þeirra hjóna við Halldóru almennt og yfirleitt, viðmót þeirra og aðbúð hennar á heimili þeirra verður að telja ógnandi í garð einstæðrar konu með geðslagi Halldóru. Öll þessi atriði annarsvegar, en hinsvegar ráðleysi Halldóru, istöðuleysi og veiklaðir geðsmunir þykja sýna það og sanna, að þau hjón hafi beint og óbeint kúgað hana, og raunverulega svipt hana frelsi til að ráða sér sjálfri eða ráðstafa högum sínum á annan hátt en þau vildu vera láta.

Um þetta verður að telja, að þau hjón hafi verið samtaka, eftir því sem ráðið verður af þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru.

11.

Erlendur Jónsson Erlendsson er hinn eini fullorðinna manna, sem var samtíða Halldóru á heimili þeirra hjóna, að undanskildum foreldrum Ásthildar þann tíma, sem heimilin bjuggu saman. Dvaldi hann á heimilinu bæði í Reykjavík og á Eskifirði.

Þegar rannsókn málsins hófst, var Erlendur að afplána refsingu á Litla Hrauni. Var hann þegar færður til Reykjavíkur til yfirheyrslu að beiðni sýslumanns, með því að ætla mátti, að hann yrði eitt höfuðvitni í málinu.

Í fyrstu yfirheyrslu 6. okt. skýrði Erlendur frá því, að Halldóru hefði verið stórlega misþyrmt af þeim hjónum, svo áverkar hlutust af, hún verið svelt af þeim, og henni meinaður samgangur við annað fólk, og meðal annars lokuð heilan dag matarlaus inni í kompu, sem negld var aftur. Lýsti hann þessu bæði almennt og nefndi til einstök dæmi, er hann kvaðst hafa verið vitni að.

Um þetta efni og fleira er Erlendur nánar yfirheyrður í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 7. okt. og aftur hinn 12. okt. og í lögreglurétti Árnessýslu hinn 14. okt. og heldur hann við þessa lýsingu sína og skýrir nánar frá einstökum atriðum.

Hinn 8. jan. mætti Erlendur enn fyrir rétti og er nú enn nákvæmlega yfirheyrður um þessi atriði og heldur enn við hinn sama framburð sinn. Daginn eftir er hann sampróf-aður Ásthildi og hvíkar í engu frá framburði sínum, þrátt fyrir andmæli hennar.

Loks mætir Erlendur fyrir rétti hinn 13. janúar til samprófunar við Jón bróður sinn. Þegar honum er boðið að gera grein fyrir framburði sínum í áheyrn hans, lýsir hann því þegar yfir, að fyrri framburður sinn sé rangur í verulegum atriðum. Hann viðurkenndi að hafa vísitandi borið rangt fyrir réttinum áður í hefndarskyni við Ásthildi mágkonu sína. Sem ástæðu tilfærði hann, að Áshildur hefði skrifað nafngreindum lögregluþjóni í Reykjavík bréf um sig og borið þar á sig lognar sakir.

Erlendur taldi nú, að hjónin hefðu yfirleitt ekki verið vond við Halldóru, hún hefði fengið nóg að borða, þau hefðu aldrei misþyrmt henni, svo hann vissi til, eða veitt henni áverka né heldur haft hana innibyrðða. Dæmi þau, er hann áður hafði tilfært um þetta, lýsti hann ósönn eða orðum aukin. Við þennan framburð sinn hélt hann síðan fast.

Með því að Erlendur hefir þannig játað að hafa vísitandi logið fyrir réttinum, svo og með tilliti til fortiðar hans, þykir ekkert verða byggt á framburði hans í málinu, þar sem hann ekki kemur heim við það, sem með öðrum hætti er sannað.

Þetta brot Erlendar heimfærast undir 147. gr. hegningarlaganna, og verður við ákvörðun refsingarinnar að taka tillit til þess, að hinn rangi framburður hans hefir mjög torveldað rannsókn málsins og, að því er ætla má, gert gæzluvarðhald þeirra hjóna lengra en ella hefði orðið.

12.

Jón Erlendsson hefir játað og viðurkennt að hafa fengið við áfengisbruggun á Eskifirði í sumar og haust. Hefir hann skýrt svo frá, að hann hafi lagt í kvartél tvisvar

sinnnum, í fyrra skiptið hafi bruggið orðið vont, og hafi hann drukkið það að mestu sjálfur.

Síðari brugguninni kveðst hann hafa orðið að hella að mestu niður vegna þess, að hann frétti, að Björn Blöndal Jónsson löggæzlumaður væri á leiðinni til Eskifjarðar. Annars kveðst hann hafa verið í pressugershraki um sumarið, og því hafi litið orðið úr þessu. Hann hefir eindregið neitað því að hafa selt af brugginu.

Hinsvegar hefir hann viðurkennt að hafa selt áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins til hinna og þessara. Verðið var, að því er hann kveður sig minna, 10 krónur fyrir brennivínsflöskuna. Áfengið kveðst hann hafa keypt í áfengisverzluninni á Seyðisfirði, og var fengin skýrsla þaðan um áfengiskaup hans. Samkvæmt henni hefir hann keypt frá 3. sept. til 24. sept. í haust 40 flöskur af brennivini og 1 flösku af rommi.

Nokkur vitni hafa verið leidd í málinu, sem borið hafa það, að þau hafi keypt af Jóni ýmist heimabruggað áfengi eða vatnsblandað. Hann hefir eindregið neitað að hafa selt slíkt áfengi.

Hinn 28. sept. framkvæmdi sýslumaður húsrannsókn á heimili Jóns á Eskifirði. Fundust þar þá 3 óuppteknar brennivínsflöskur og 3 brennivínsflöskur uppteknar, en fullar þó, og flaska með lögg af vökva í. Sýslumaður tók sýnishorn af áfenginu og sendi til rannsóknar til dr. Jóns Vestdal. Eitt sýnishornið innihélt 29.7 vol. % alkohol og reyndist ekki vera brennivín. Þrjú sýnishorn reyndust innihalda 29.7 vol. %, 23.7 vol. % og 32.9 vol. % alkohol, og reyndust öll vera brennivín frá Áfengisverzlun ríkisins, en reyndar verulega útþynnt með vatni. Jón Erlendsson hefir enga skýringu getað gefið á því, hversvegna brennivínið var vatnsblandað, en neitað að hafa blandað það sjálfur. Hann hefir og ekki talið sig vita, hvaða áfengi var í fyrsta sýnishorninu.

Með áfengisbruggun sinni og áfengissölu hefir Jón gerzt sekur við 6. gr. sbr. 30. gr. og 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33 1935.

13.

Þá hefir Jón viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni talsvert mikið drukkin daginn, sem húsrannsóknin fór fram hjá honum. Varðar það brot hans við lög um notkun bif-

reiða nr. 70 1931 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. og áfengislög nr. 33 1935 21. gr. sbr. 39. gr.

14.

Sunnudaginn 28. júní s. l. fóru þau hjón á bifreið sinni S. U. 45 frá Eskifirði og áleiðis upp í Hérað. Með þeim voru tvö börn þeirra, Halldóra Bjarnadóttir og Erlendur J. Erlendsson.

Ásthildur stýrði bifreiðinni og ók sem leið liggur upp Fagradal. Ofarlega í dalnum ók hún bifreiðinni út af veginum og velti henni. Hlaut Ásthildur sjálf töluverð meiðsli við slysið og var um hrið rúmliggjandi, barn hennar annað skarst á andliti og Halldóra varð töluvert eftir sig. Hinir farþegarnir meiddust ekki.

Ásthildur skýrði svo frá í fyrstu, að hún hefði verið á um 30 enskra mílna hraða (eða ca. 49 km.) miðað við klst. Síðar sagðist hún mundu hafa verið á 26 mílna hraða eða allt að 30 mílna hraða. Jón hefir gizkað á, að hraðinn, þegar slysið vildi til, hafi verið um 37—40 km. Garðar Helgason bifreiðarstjóri, sem ók bifreið rétt á eftir, hefir borið, að hraðamælir sinn hafi sýnt 45 km., og dró ekki saman með bifreiðunum.

Þegar slysið vildi til, var bifreiðin á litilli bugðu á veginum og aðeins komin yfir hana, þegar hún valt. Kveður Ásthildur, að kind hafi snögglega hlaupið yfir veginn, hún þá bremsað mjög fast, við það hafi afturhjólin hengt upp á veginn, en hægra framhjól farið út af veginum, sem var þarna malarborinn, og tók bifreiðin við það heila veltu.

Sýslumaður rannsakaði staðinn, ásamt tveim tilkvöddum mönnum, og drógu þeir þá ályktun af staðháttum, að bifreiðin hafi hlotið að vera á mikilli ferð. Er það og álit Jóns Ólafssonar bifreiðaeftirlitsmanns, sem fengið hefir rannsóknina til umsagnar, að aðalorsök þess, að bifreiðin fór út af veginum, hafi verið ofmikill aksturshraði, þegar ekið var á beygjuna.

Við veltuna skemmdist bifreiðin mikið. Kvaddi sýslumaður þá vélsmiðina Einar Holm og Jónas Símonarson til að skoða bifreiðina, þegar hún kom til Eskifjarðar, og lýsa þeir skemmdum þannig:

„Yfirbygging (body) bifreiðarinnar allt brotið. Vatnsgeymir brotinn að ofan, hægra frambretti ónýtt, skipti-

borð skemmt, vélarhús gengið úr skorðum og beyglað, stýrishjól brotið, þannig að eftir eru 3 geislar með fullri lengd og sá fjórði hálfur. Sjálfur stýrishringurinn brotinn af. Vél í lagi, flauta og bremsur allar.“

Eftir slysið var það ráð þeirra, að konurnar og börnin héldu niður að Egilsstöðum, en þeir bræður Jón og Erlendur urðu eftir við bifreiðina, komu henni upp á veginn, og ók Erlendur, sem ekki hefir réttindi bifreiðarstjóra, henni síðan, eins og hún var á sig komin, niður að Egilsstöðum. Þar tóku þeir hitt fólkið, og hélt það nú heim á leið aftur. Ók Ásthildur bifreiðinni í fyrstu, en treysti sér síðan ekki til að halda áfram, og tók þá Erlendur við stjórn bifreiðarinnar aftur og ók henni allt til Eskifjarðar. Það er álit Jóns Ólafssonar bifreiðaeftirlitsmanns, að alls ekki hafi verið forsvaranlegt að aka bifreiðinni, eins og hún var eftir slysið.

Með akstri sínum, þegar slysið varð, þykir Ásthildur hafa gerzt sek við 6. gr. 1. mgr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða, og með því að aka bifreiðinni, eins og hún var á sig komin eftir slysið, hefir bæði hún og Erlendur gerzt sek við 15. gr. 1. mgr. sömu laga. Með því að aka bifreiðinni án þess að hafa réttindi bifreiðastjóra hefir Erlendur auk þess gerzt sekur við 5. gr. 1. mgr. sbr. 14. gr. sömu laga.

15.

Hinn 24. júní 1935 kærði Ásthildur Jón mann sinn fyrir að hafa smitað sig við samfarir af lekanda (gonorrhoe). Hún hafði í maimánuði brugðið sér til Eskifjarðar um hálfsmánaðartíma. Þegar hún kom aftur til bæjarins og tók upp samfarir við mann sinn, kom skjótlega í ljós, að hann var sjúkur. Fóru þau þá bæði til Hannesar læknis Guðmundssonar, og reyndust bæði hafa fengið lekanda.

Jón hefir skýrt svo frá, að þegar hann hóf samfarir að nýju við konu sína eftir heimkomu hennar, hafi hann ekkert verið farinn að finna til sjúkleika, og hafi hann smitað hana, hafi það því verið sér alveg óafvitandi. Hinsvegar viðurkenndi hann að hafa í fjarveru hennar, eitt-hvað viku áður en hún kom heim, haft samfarir við 46 ára gamla konu, og taldi hann sig hafa hlotið að smitast af henni, en sjúkdómurinn ekki verið kominn fram, þegar hann hóf samfarir við konu sína. En rétt á eftir fór hann

að finna til hans og sagði þá konu sinni strax frá því, og leituðu þau upp úr því til læknisins.

Kona sú, er Jón hafði samfarir við í fjarvisti konu sinnar, hefir verið leidd fyrir rétt og viðurkennt þar samfarirnar. Hinsvegar neitaði hún eindregið að hafa haft lekanda sér vitanlega. Hún kvaðst síðast hafa haft samræði við karlmann fyrir ca. 4 árum, og var hann nú ný-dáinn. Nokkru eftir að hún hætti að vera með honum segist hún hafa fengið útferð úr móðurlifinu og því leitað til Ólafs heitins Jónssonar læknis, sem sagði henni, að aðeins væri um hvít klæðaföll að ræða. Lét hann hana hafa skolvatn við því, sem henni batnaði af.

Að tilhlutun lögreglunnar var kona þessi skoðuð af M. Júl. Magnús lækni hinn 11. júlí, og taldi hann hana ekki hafa lekanda eftir að hafa rannsakað hana tvisvar. Hinn 7. sept. var hún aftur rannsökuð af Hannesi Guðmunds-syni lækni, sem þá fann lekandasýkla í henni, en taldi ekki verða ráðið af rannsókninni, hvort hún hafi verið smitandi í maímánuði. Hún hefir neitað að hafa haft afskipti af nokkrum karlmanni eftir samfarirnar við Jón.

Ásthildur hefir eindreigið neitað að hafa haft samfarir við aðra karlmenn en bónda sinn.

Eins og þetta atriði málsins nú hefir verið rakið, verður ekki talið sannað, að Jón hafi valdið smitun konu sinnar, svo að varði við lög nr. 6 1924 sbr. 16. kap. hegningarlaganna, og verður því að sýkna hann af þeim hluta ákær-unnar.

16.

Refsingar hinna ákærðu ákvarðast þannig:

Jón Erlendsson sæti með hliðsjón af 48. gr. og 63. gr. hegningarlaganna betrunarhúsvinnu í 8 hánuði, og er þá tekið tillit til hins langa varðhaldstíma hans. Hann greiði og 800 króna sekt til menningarsjóðs, en afpláni sektina, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, með einföldu fangelsi í 40 daga. Hann skal og sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá uppsögn dóms þessa að telja.

Ásthildur Halla Guðmundsdóttir sæti með hliðsjón af 48. gr. og 63. gr. hegningarlaganna betrunarhúsvinnu í 8 mánuði, sömuleiðis með tilliti til varðhaldstíma hennar.

Erlendur Jónsson Erlendsson sæti með hliðsjón af 63.

gr. hegningarlaganna fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Kostnað sakarinnar greiði hin ákærðu þannig:

Þau Jón og Ásthildur greiði hvort um sig varðhaldskostnað sinn.

Þau greiði og in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., sem ákveðast 200 krónur.

Erlendur Jónsson Erlendsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar hrm., sem ákveðast 125 krónur.

Af öðrum kostnaði sakarinnar greiði ákærð Jón og Ásthildur $\frac{1}{2}$ hluta in solidum, en ákærðu öll $\frac{1}{2}$ hluta kostnaðarins in solidum.

Málið hefir verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Jón Erlendsson sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði.

Hann greiði og 800 króna sekt til menningarsjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afpláni hana ella með einföldu fangelsi í 40 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Ákærð Ásthildur Halla Guðmundsdóttir sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði.

Ákærður Erlendur Jónsson Erlendsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Af kostnaði sakarinnar greiði ákærð Jón og Ásthildur varðhaldskostnað sinn hvort um sig.

Þau greiði og in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrm., kr. 200.00.

Ákærður Erlendur greiði málsvarnarlaun til talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar, kr. 125.00.

Annan kostnað sakarinnar greiði ákærð Jón og Ásthildur in solidum að $\frac{1}{2}$ hluta, en ákærð öll in solidum greiði $\frac{1}{2}$ hluta.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.